



# FLORGOÐINN

## FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

2. tbl. 18. árgangur



### BOÐSKORT ÞÓRHILDUR SIGRAÐI SAMKEPPNINA

Það er fastur liður í tengslum við Stóru Upplestrarkeppnina að efna til samkeppni um boðskort meðal nemenda í sjöttu bekkjum skólanna. Verðlaunamyndin var notuð á boðskort lokahátíðar í ár og þrýðir útprentaða dagskrá hátíðar.

Á myndinni má sjá heilmikinn bókastafla, sennilega sem viðkomandi er búinn að lesa. Listamaðurinn ungi sem átti verðlaunamyndina heitir Þórhildur Kristjónsdóttir og er í 6. bekk í Áslandsskóla.

Á myndinni er Þórhildur ásamt Unni Sæmundsdóttur kennara við verðlaunafhenginguna.





### STÓRA UPPLISTRARKEPPNIN GLÆSILEG FRAMMISTAÐA

Þær Ester Amíra Ægisdóttir og Birna Karen Káradóttir voru fulltrúar Áslandsskóla á lokahátíð Stóru Upplestrarkeppninnar í Hafnarborg á dögunum. Þar lásu nemendur fyrirfram ákveðinn texta og ljóð, ásamt því að nemendur völdu eitt ljóð sjálfir til að flytja. Keppnin var nú haldin í 23. skipti í Hafnarfirði en Ingibjörg Einarsdóttir fyrrum skrifstofustjóri á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar hefur verið vakin og sofin yfir keppninni frá upphafi og unnið frábært starf.

Óhætt er að segja að Ester Amíra og Birna Karen hafi báðar staðið sig framúrskarandi vel og verið skólanum til mikils sóma en Ester Amíra fékk sérstaka viðurkenningu fyrir að hafna í 3ja sæti í keppninni.

Krista Sól Guðjónsdóttir nemandi í 8. bekk Áslandsskóla sem hafnaði í öðru sæti í keppninni í fyrra kynnti annan höfundinn í Hafnarborg á lokahátíðinni og gerði það með framúrskarandi hætti.





Sáust síðast drekka mjólk á Bláu Skeifunni



## GAMLI TÍMINN

MENNINGARDAGAR ÁSLANDSSKÓLA 2019

Gríðarlegur fjöldi gesta sótti okkur heim á menningardaginn 11. apríl.

Gestir gengu um skólann og virtu fyrir sér framúrskarandi vinnu nemenda á göngum og í kennslustofum. Óhætt er að segja að skólinn hafi verið glæsilegur að vanda enda mikill metnaður lagður í undirbúning menningardaga í Áslandsskóla ár hvert.

Á sal skólans voru margskonar sýningar en ein af hefðum menningardaga er að nemendur í 3. bekk sýna söngleik, sem í ár var saminn og í leikstjórn Erlu Maríu sviðslistakennara og umsjónarkennara árgangsins. Óhætt er að segja að söngleikurinn hafi slegið hressilega í gegn.



## SUMARDAGURINN FYRSTI ER ÞANN 25. APRÍL

Sumardagurinn fyrsti, einnig kallaður Yngismeyjardagur, er fyrsti dagur Hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu. Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu frá 19.-25. apríl (það er fyrsta fimmtu-

dag eftir 18. apríl). Sumardagurinn fyrsti var lengi messudagur eða til 1744.

Íslensk þjóðtrú segir að ef sumar og vetur frjósi saman boði það gott sumar, en með því er átt við að hiti fari niður fyrir frostmark aðfaranótt

sumardagsins fyrsta. Í Sögu daganna - hátíðir og merkisdagar (bls. 50, 2. útg., 1977) eftir Árna Björns-son, þjóðháttfræðing, segir um sumardaginn fyrsta:



## GAMLI TÍMINN

HVAÐ FÓR FRAM Á SAL Á MENNINGARDÖGUM

„Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn  
Þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.“

Svona orti Bjartmar Guðlaugsson, texta við lag sem valið var óskalag Þjóðarinnar á RÚV. Í textanum fjallar hann einmitt um gamla tímann, gulnað blað, gamla hefð, gamla mynd og æskuprá.

Þessa menningardaganna okkar í ár var sem sagt gamli tíminn. Viðfangsefnið bauð uppá mikla fjölbreytni til úrvinnslu og unnu nemendur með ótal margt sem því tengist. Gaman var að fylgjast með fjölbreyttri nálgun allra í skólanum enda margt skemmtilegt sem tengist gömlum tímum.



### MYNDIR

Myndir á þessari opnu eru frá menningardögum í Áslandsskóla.



## SUMARDAGURINN FYRSTI

Hvarvetna var fylgst með því, hvort frost væri aðfararnótt sumardagsins fyrsta, þ.e. hvort saman frysti sumar og vetur. Yfirleitt var það talið góðs viti og jafnvel álitid að rjóminn ofan á mjólkurtrogunum yrði jafn þykkur og ísskánin á vatninu þessa nótt. Í því skyni settu menn skál eða skel með vatni út um kvöldið og vitjuðu svo

eldsnemma morguns.

Hvað átt er við með góðu sumri í Þjóðtrúnni er nokkuð á reiki, en hugsanlega er einkum átt við að nyt búpenings verði góð, sem verður þegar taðan er kjarnmikil. Ef engjar og tún eru seinsprottn verða hey oft kjarngóð og því ætti nytin einnig að verða góð. Slíkt gerist þegar svalt er

og vott framan af sumri, en síðan hlýrra og þurr og kann Þjóðtrúin að vísa til þess að þegar vorið er kalt þá er oftast frost á sumardaginn fyrsta sem leiðir líkum að því að sumarid verði seinna á ferðinni. Þá er allur gróður einnig seinni að taka við sér, en það gerir grösin kjarnbetri og bætir nyt búpenings.



## SKÓLADAGATAL NÆSTA ÁR

### DAGATAL FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2019-2020 TILBÚIÐ

Skólaráð Áslandsskóla og fræðsluráð Hafnarfjarðar hafa samþykkt skóladagatal Áslandsskóla fyrir næsta skólaár.

Skóladagatalið er með nokkuð hefðbundnu sniði en þó er tilfærsla í októbermánuði. Dagatalið er komið á vefinn okkar.

Starfsfólk skólans fer í námsferð til Munchen í Þýskalandi og Salzburgar í Austurríki dagana 9.-13. október. Því eru skipulagsdagar og annar vetrarfrisdagurinn á dagatalinu í tengslum við þá ferð.

Aðrir skólar bæjarsins eru með vetrarfrí viku síðar og við í Áslandsskóla verðum þar með hinn vetrarfrisdaginn. Sá dagur liggur upp við helgi þannig að allir eiga möguleika á langri helgi í tengslum við vetrarleyfi.

Starfsfólk hefur áður farið í slíkar námsferðir frá stofnun skólans. Farið hefur verið til Glasgow í Skotlandi, Helsinki í Finnlandi og Minneapolis í Bandaríkjunum. Nú bætast sem sagt Munchen og Salzburg í hópinn með það að markmiði að auka víðsýni og læra nýja hluti sem gætu nýst í skólastarfinu okkar.

## HJÓL

## UMFERÐ EYKST

VERUM TIL FYRIRMYNDAR

Núna fara fleiri nemandur að koma á reiðhjólum í skólann. Gæta þarf að því að öryggisbúnaður þeirra sé í lagi sem og notkun reiðhjólahljálma. Á þessari síðu er hægt að skoða fræðslumyndbönd um hjólræðar <http://www.samgongustofa.is/umferd/raedsla-og-oryggi/raedsla/reidhjol/> og í þessum ágæta bæklingi er m.a. hægt að fræðast um atriði sem hafa ber í huga varðandi hjólræðahljálma <https://www.landsbjorg.is/assets/myndir/umferd/us-hjalmar%20baeklingur%20lok%202006.pdf>.

Nú er daginn tekið að lengja og þá vex umferð barna í umferðinni, bæði við leik og á leið til og frá skóla.

Við hvetjum ykkur til að nýta góða veðrið og ganga eða hjóla í skólann með börnunum ykkar svo fækka megi bílum sem aka að skólanum á morgnana.

Að vera börnum sínum góð fyrirmynd í umferðinni er öflugasta fræðslan ásamt því að kenna þeim um lög og reglur sem eru í gildi.



Mynd frá söngleikjaæfingu í 3. bekk

## Á döfnni

APRÍL & MAÍ



APRÍL

Menningarhátíð 11. apríl  
Páskafrí hefst 12. apríl  
Páskadagur 21. apríl  
Kennsla hefst eftir páska 23. apríl

Sumardagurinn fyrsti 25. apríl

MAÍ

Verkalýðsdagurinn 1. maí  
Námsmatsdagur 20. maí  
Uppstigningardagur 30. maí  
Skipulagsdagur 31. maí

# ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: [aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórigoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri